

Fundargerð stjórnar TSÍ. Fundur haldinn 25. ágúst 2025 kl. 12.00 á skrifstofu ÍSÍ.

Fundinn sátu: Magnús, Gunnar, Mia og Kristín Dana, gjaldkeri. Andri Jóns forfallaðist með litlum fyrirvara.

1. Samþykkt fundargerða.

Fundargerð vantar frá fundi 12. maí þegar báðir landsliðspjálfarar mættu.

2. Fundartími næstu funda.

Ekki hægt að ákveða nýja fundartíma þar sem Andri forfallaðist. Magnús kannar hug stjórnarmanna á Whatsapp.

3. Mótahald í sumar.

Umræður vítt og breytt um hvernig staðið var að DC, BJK og Smáþjóðaleikum. Ýmis vandræði tengd því að koma nýjum liðsstjórum inn í verkefnin og ljóst að stjórn þarf að gera skýrari kröfur til þeirra sem eru að fara í fyrsta sinn sem liðsstjórar. Mjög lítið PR hefur fengist úr þessum ferðum.

4. Úthlutunarreglur afrekssjóðs.

Mikla vinnu þarf að leggja í umsóknir. MR ræðir við Raj og Andra hvort sú vinna sé þess virði.

5. Mótadagatal 2026.

MR falið að ganga frá mótaskrá í samvinnu við tæknistjóra og Tennishöll.

6. Skýrsluskil vegna landsliða.

MR falið að ganga frá skýrslum til ÍSÍ.

7. Gender Equity.

ITF hefur sent út könnun til allra landssambanda. Míu falið að svara fyrir hönd TSÍ

8. Önnur mál

Kristín bað um fund með MR og Raj til að ganga frá styrkum og reikningum á TE og ITF. Magnús setur upp vinnufund.

Fundi slitið 12:20